



Lokaskýrsla Hrunamannahrepps

Um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
í gegnum verkefnið

Barnvæn sveitarfélög

Hrunamannahreppur

ÚTGÁFUDAGUR

30.10.2025

ÁBYRGÐARAÐILI KOLBRÚN HARALDSDÓTTIR



unicef 
fyrir öll börn

HRUNAMANNAHREPPUR

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Stöðumat.....	5
Aðgerðaáætlun.....	6
1. Aðgerð – Raddir barna - Barnaþing	7
2. Aðgerð – Þátttaka barna í stefnumótun	10
3. Aðgerð – Fræðsla fyrir starfsfólk	12
4. Aðgerð – Réttindafræðsla fyrir börn	14
5. Aðgerð – Réttindafræðsla fyrir foreldra/forráðamenn.....	19
6. Aðgerð – Réttindafulltrúar.....	20
7. Aðgerð – Fræðsla um tilkynningar til Barnaverndar.....	21
8. Aðgerð – Endurskoðun á áætlunum og stefnum	23
9. Aðgerð – Mannréttindastefna sveitarfélagsins	24
10. Aðgerð – Innleiðing á barnvænu hagsmunamati.....	25
11. Aðgerð – Fræðsla um skóla- og nemendaráð og Ungmennaráð	26
12. Aðgerð – Styðja börn til aukinnar þátttöku	27
13. Aðgerð – Aðkoma barna að umhverfis- og skipulagsmálum í sveitarfélaginu	29
14. Aðgerð – Auka vellíðan barna, sjálfstraust, félagslega færni, getu til að setja mörk	31
15. Aðgerð – Auka sjálfstæði og vellíðan barna í leikskóla.....	32
Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög – reynsla í Hrunamannahreppi	34
Barnaskýrsla	35
Samantekt	36
Fylgiskjal 1 (3. aðgerð).....	38
Fylgiskjal 2 (5. aðgerð).....	40
Fylgiskjal 3 (10. aðgerð).....	41
Fylgiskjal 4 (15. aðgerð).....	43

Inngangur

Þann 10. desember 2020, á 34. fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps, var samþykkt að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verða þannig hluti af verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Stýrihópur verkefnisins var skipaður 4. febrúar 2021 en hlutverk hans var að halda utan um verkefnið. Í stýrihópinn voru skipaðir fulltrúar frá meiri- og minnihluta sveitarstjórnar, lýðsheilsu- og æskulýðsnefnd, stjórnsýslunni auk Ungmennaráðs en í því sitja fimm ungmenni. Umsjónarmaður var einnig skipaður sem stýrir innleiðingarferlinu og hefur umsjón með verkefninu.

Innleiðingin hefur tekið nokkuð langan tíma og hafði covid tímabilið þar mest áhrif þar sem vinnan lá nánast niðri meðan að á því stóð. Verkefnið hefur án efa haft jákvæð áhrif, íbúar meðvitaðri um réttindi barna og börnin einnig. Almennt var mikill meðbyr með verkefninu og íbúar tilbúnir að taka þátt. Stjórnsýslan er orðin meðvitaðri um nauðsyn þess að taka tillit til réttinda barna við hverskonar ákvörðunartökur. Börn tóku m.a. þátt í barnaþingum, rýnihópum og svöruðu spurningalistum. Ungmennaráð var með í öllu ferlinu enda hluti af stýrihópi verkefnisins.

Stöðumat

Vinnan við stöðumatið var mjög upplýsandi og við þessa kortlagningu hefur verið dregið fram hvað vel er gert og hvað betur má fara.

Við yfirferð gátlistanna kom í ljós að Ungmennaráð er vel virkt og tengt inn í stjórnsýsluna og samfélagið. Heilt yfir kom í ljós að þörf er á betra upplýsingaflæði og fræðslu um Barnasáttmálann og réttindi barna. Það eru þættir sem frekar auðvelt er að bæta úr.

Helstu niðurstöður spurningalistanna eru að megin þorri barnanna hefur heyrt um Barnasáttmálann og rúmlega helmingur þeirra treysti sér til að nefna fjögur réttindi úr sáttmálanum. Einnig taldi megin þorri barnanna að öll börn, óháð aldri, ættu rétt á því að tjá sig og hafa áhrif. Spurningkönnun starfsfólks sýnir að megin þorri starfsmanna þekkir til Barnasáttmálans en bæta má úr fræðslu til starfsmanna varðandi tilkynningaskyldu til barnaverndar. Almenn er viðhorf starfsfólks jákvætt gagnvart réttindum barna og endurspeglast það í ríkjum vilja starfsmanna til innleiðingar barnvæns sveitarfélags.

Á barnþingi kom fram að börnin töldu að börn í sveitarfélaginu hefðu nokkuð jöfn tækifæri. Þau vilja gjarnan hafa rödd þegar ákvarðanir eru teknar og komu fram margar góðar ábendingar á þinginu. Umræður barnþings snerust að mestu um skólamál, félagslíf og menningu, forvarnir og umhverfi/skipulag.

Vegna smæðar sveitarfélagsins, og því að erfitt er að taka út sérfræðihópa úr fámennu þýði, var ákveðið að tveir elstu árgangar leikskólans gegndu hlutverki sérfræðihóps. Það heppnaðist vel og góðar umræður sköpuðust í hópunum.

Þessi vinna við upplýsingaöflun og stöðuna í Hrunamannahreppi tók nokkuð langan tíma og spilar ýmislegt þar inn í. Á covid tímabilinu lá vinnan að mestu niðri auk þess sem sveitastjórnarkosningar og mannabreytingar í framhaldinu hafa haft áhrif.

Við stefnum ótrauð að því markmiði að gera Hrunamannahrepp að enn barnvænna sveitarfélagi en það er nú þegar.

Aðgerðaáætlun

Hrunamannahreppur skilaði aðgerðaáætlun til UNICEF í desember 2024. Hún var síðan samþykkt á sveitarstjórnarfundum þann 19. desember 2024.

Hér fyrir neðan eru þær 15 aðgerðir sem stýrihópur lagði til og vann að við innleiðingu Barnvæns sveitarfélags í Hrunamannahreppi.

1. Raddir barna - Barnaþing haldið annað hvert ár
2. Efla þátttöku barna/ungmenna í stefnumótun og ákvörðunum sveitarfélagsins.
3. Markviss fræðsla fyrir starfsfólk sveitarfélagsins
4. Réttindafræðsla fyrir börn
5. Réttindafræðsla fyrir foreldra/forráðamenn
6. Stofnanir sveitarfélagsins tilnefni réttindafulltrúa
7. Fræðsla um mikilvægi tilkynninga til Barnaverndar
8. Endurskoðun á reglum, áætlunum og stefnum sveitarfélagsins með tilliti til barna
9. Móta mannréttindastefnu fyrir sveitarfélagið
10. Innleiða barnvænt hagsmunamat inn í verklag stjórnsýslunnar
11. Fræðsla fyrir börn um skóla- og nemendaráð og ungmennaráð og skýrar verklagsreglur
12. Styðja börn af erlendum uppruna sem og öll önnur börn til aukinnar þátttöku í samfélaginu og íþrótt- og tómstundastarfi
13. Börn fái tækifæri til að setja mark sitt á umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu
14. Auka vellíðan, sjálfstraust, félagslega færni og getu barna/ungmenna til að setja mörk
15. Auka sjálfstæði og vellíðan barna í leikskóla með því að auka val þeirra á viðfangsefnum

Hér á eftir verður fjallað um hverja aðgerð fyrir sig eins og þær voru settar fram í aðgerðaáætlun og hvernig gekk að framkvæma þær.

1. Aðgerð – Raddir barna - Barnaþing

Annað hvert ár skal halda barnaþing í Hrunamannahreppi. Meginmarkmið þess er að skapa börnum og ungmennum vettvang og tækifæri til að ræða um mál sem eru þeim mikilvæg. Þinginu er skipt í tvo hluta eftir aldri þátttakenda en hóparnir funda á svipuðum tíma. Þingið er haldið á skólatíma. Starfsmenn þingsins eru kennarar, fulltrúar ungmennaráðs og nemendaráðs grunnskólans.

Umræðuefni er ákvarðað í samráði við ungmennaráð og tengist því sem helst er á döfinni hverju sinni. Niðurstöðurnar verða teknar saman strax að þingi loknu og kynntar sem fyrst í nefndum sveitarfélagsins og á opinberum vettvangi og þannig nýttar í stefnumörkun og starfsemi sveitarfélagsins.

Í kjölfar Barnaþings verða rýnihópar með hópum sem einhverra hluta vegna geta átt erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri í stærri hópum. Þar má nefna börn af erlendum uppruna, fötluð börn, börn úr dreifbýli og leikskólabörn.

Tenging við stöðumat

Stöðumatið sýnir okkur að barnaþing er mikilvæg leið fyrir börn að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins sem nýtur aðstoðar skólastjórnenda og starfsmanna grunnskólans auk starfsmanns Ungmennaráðs.

Fjárförf

Gera þarf ráð fyrir veitingum á Barnaþingi og tíma starfsfólks og ungmennaráðs til að undirbúa þingið og vinna úr niðurstöðum þess. Kostnaður rúmast innan fjárveitingar til verkefnisins í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Á þinginu starfa fjórir frá Ungmennaráði og fjórir starfsmenn grunnskólans, 4 - 6 klst.

Tímarammi

Barnaþingið er haldið annað hvert ár á haustmánuðum.

Mæling

Sýnt verður fram á að þingin hafi verið haldin og að niðurstöður séu notaðar í vinnu Ungmennaráðs og í áframhaldandi vinnu í Barnvænu sveitarfélagi. Niðurstöðurnar verða formlega kynntar sveitarstjórn á fundi, nemendum og starfsfólki og þess gætt að niðurstöðurnar verði sýnilegar.

Framkvæmd aðgerðar

Barnaþing var haldið í desember 2022 í tengslum við stöðumat verkefnisins. Var það haldið í Flúðaskóla og tóku allir nemendur þátt í 1.-10. bekk.

Skipulaginu var þannig háttað að fyrir hádegi var haldið þing 6 – 13 ára og var þeim skipt upp í tvo aldurshópa, yngri og eldri, tvo hópa hvor aldurshópur, alls fjórir hópar með 8-10 þátttakendum hver. Umræðustjórar voru fulltrúar úr Ungmennaráði og ritarar voru starfsmenn skólans. Eftir hádegi var haldið þing fyrir 14-16 ára, alls fjórir hópar og sömu umræðustjórar og ritarar. Hver hópur fjallaði um fjögur málefni, þau voru; skólamál, félagslíf og menning, forvarnir og að síðustu umhverfismál og skipulag. Stýrihópurinn valdi þessi umræðuefni og

var talið að þau tækju á veigamiklum málaflokkum er varða börn. Þátttakan var mjög góð, allir nemendur skólans sem mættir voru þennan dag tóku þátt. Í framhaldi var svo rýnihópaviðtal við tvo elstu árganga leikskólans. Niðurstöður voru síðan notaðar til að móta aðgerðir í aðgerðaáætlun (sjá aðgerð nr.15).

Í nóvember 2024 var haldið barnaþing í grunnskólanum í sambandi við þemaviku sem tileinkuð var Barnasáttmálanum. Helstu niðurstöður má sjá hér að neðan. Samantekt á Barnaþingi sem haldið var í Flúðaskóla í nóvember 2024 í tengslum við Dag íslenskrar tungu þar sem þemað var Barnasáttmálinn. Tekið er mið af áherslum á þau atriði sem fá mesta sameiginlega áherslu.

Líðan nemenda og góð samskipti (*mjög mikilvæg og mjög algeng*)

- Skiptir miklu máli að líða vel í skólanum.
- Kennarar og annað starfsfólk eiga að vera kurteis, hlusta og sýna virðingu.
- Ekki refsar öllum fyrir mistök eins.
- Skólastjórnendur og stuðningsfulltrúar eiga að vera sýnilegir, hlustandi og virða persónulegt rými.
- Starfsfólk á sjálft að fara eftir reglum, t.d. símanotkun.

Endurskoðun og þróun stundatöflu (*mjög algengt og hefur áhrif á daglegt líf*)

- Tvöfaldir bóklegir tímar valda álagi – dreifa þeim betur.
- Meiri fjölbreytni í val og verklegum greinum.
- Valáfangar og hreyfing fyrr um daginn.
- Fleiri UT-tímar og listgreinar, sérstaklega á unglíngastigi.
- Að hafa litríka og sjónræna stundatöflu.
- Hafa 5 mín pásu á milli tíma.

Fjölbreytt og áhugavert námsefni (*mjög algengt og nemendur sjá bein tengsl við framtíðina*).

- Fjármálalæsi (oft nefnt sérstaklega).
- Forritun, upplýsingatækni, Excel, tölvuleikjagerð.
- Heimilisfræði í stundatöflu.
- List- og verkgreinar skylda.
- Verklegar tilraunir og sjálfstæð vinnubrögð.
- Lífsleikni, framsögn og samskipti.

Bætt og opnara samstarf við skólastjórnendur (*mikilvægt og í mörgum hópum*)

- Skólastjóri eigi að vera sýnilegri, spjalla við bekkir og koma inn í kennslustundir.
- Hafa hugmyndakassa og skoða reglulega.
- Tala við nemendur með virðingu og hlusta.

Foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun *(komið víða fram, en breytilegt mikilvægi)*

- Foreldrar eigi að fá meiri upplýsingar um hvað sé í gangi (mentor o.fl.).
- Að fá þá sem gesti og aðstoðarfólk á sérstökum dögum – „hæfilega mikil þátttaka“.

Símanotkun og frímínútur *(minna algengt en skýr áhersla þar sem það kemur fram).*

- Draga úr símanotkun og hvetja til útiveru.
- Dreifa símalausum frímínútum frekar en hafa þær allar í röð.

Mötuneyti og matsalur *(minna algengt en mikilvæg athugasemd hjá fáum)*

- Nemendur vilja velja sér sjálfir skammt í matsal.
- Þora ekki að smakka því þeir mega ekki henda mat.

Þessar niðurstöður hafa verið unnar upp úr gögnum frá Barnaþinginu og hafðar til hliðsjónar þegar skólastarf er skipulagt og/eða komið á móts við þessar óskir strax eða um leið og færi hefur gefist. Niðurstöður barnaþings voru einnig nýttar til að velja aðgerðir í aðgerðaáætlun þessa verkefnis. Sem dæmi um hvaða hugmyndum hefur þegar verið komið á móts við;

- Flúðaskóli varð símalaus skóli í apríl 2025 og var sú ákvörðun tekin í samvinnu nemenda, foreldra og starfsfólks.
- Nemendur velja hvað er í matinn einu sinni í mánuði og nemendur skammta sér sjálfir.
- Kynningarfundur fyrir foreldra varðandi innra starf skólans og þemavinnu.
- Skólastjóri fer reglulega í heimsókn í bekki.
- Hugmyndakassi.

Næsta Barnaþing verður haldið haustið 2026 eða fyrr.



2. Aðgerð – Þátttaka barna í stefnumótun

Móta verklag til að efla þátttöku barna í stefnumótun og ákvörðunum sveitarfélagsins. Leita eftir skoðunum þeirra og þau verði upplýst um ákvarðanir sem hafa áhrif á þeirra líf. Ungmennaráð fundi reglulega með sveitarstjórn og lýðheilsu- og æskulýðsnefnd og barnvænt hagsmunamat verði innleitt í áföngum í allar nefndir sveitarfélagsins. Haft verði samráð við Ungmennaráð við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert og einnig ef fara á í niðurskurð er varðar málefni barna. Barnaþingin eru mikilvæg svo börn geti haft áhrif á stefnumótun sveitarfélagsins.

Tenging við stöðumat

Í niðurstöðum úr gátlistum stýrihóps kemur fram að hagsmunir barna eru ekki metnir með formlegum hætti þegar teknar eru ákvarðanir á vettvangi sveitarfélagsins er varða börn með einum eða öðrum hætti. Málum er vísað til umsagnar Ungmennaráðs en þetta hagsmunamat mætti vera skipulegra og þá horft til markmiða Barnasáttmálans.

Ábyrgðaraðili

Starfsmaður sveitarfélagsins sem er Ungmennaráði til halds og trausts og umsjónarmaður verkefnisins. Einnig formenn nefnda sem hafa tileinkað sér barnvænt hagsmunamat sem verður innleitt í allar nefndir í áföngum.

Fjárbörf

Greitt er fyrir setu í Ungmennaráði en það hefur verið gert frá upphafi.

Tímarammi

Verklagið verður mótað og þróað á árinu 2025 en verkefnið er þess eðlis að það er mikilvægt að það sé í stöðugri þróun. Vorið 2025 verði Ungmennaráð búið að funda með sveitarstjórn og lýðheilsu- og æskulýðsnefnd m.a. með það að markmiði að allir hlutaðeigandi séu upplýstir um hlutverk og samráð við Ungmennaráð.

Mæling

1. Reglulegir fundir Ungmennaráðs með sveitarstjórn og eftir atvikum nefndum.
2. Barnvænt hagsmunamat í framkvæmd.
3. Þátttaka Ungmennaráðs í fjárhagsáætlunargerð.
4. Verklag til að efla þátttöku barna í stefnumótun.

Framkvæmd aðgerðar

1. Ungmennaráð fundaði með sveitarstjórn í maí 2025 og verða reglulegir fundir a.m.k. einu sinni á ári eða oftar.

Ungmennaráð hefur komið að skipulagningu heilsuviku, í samstarfi við stjórnsýsluna, sem haldinn var í ár 1.-7. september. Ungmennaráð skipuleggur og heldur utan um viðburði í heilsuviku í samstarfi við lýðheilsu- og æskulýðsnefnd.

2. Barnvænt hagsmunamat hefur verið innleitt í störf lýðheilsu- og æskulýðsnefndar (sjá Fylgisjal 1).

3. Ungmennaráð fundar að hausti með sveitarstjórn í tengslum við fjárhagsáætlunargerð þar sem ungmennin geta komið með sínar áherslur og hugmyndir. Fundur vegna fjárhagsáætlunar ársins 2026 er áætlaður í október.

4. Hér fyrir neðan er verklag þar sem fram kemur hvernig þátttöku barna í stefnumótun sveitarfélagsins verði sem best tryggt á þessu ári og því næsta.

Verkætlun 2025–2026: Þátttaka barna í stefnumótun sveitarfélagsins

Tími	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Mælikvarði
Apr–júni 2025	Fundur Ungmennaráðs með sveitarstjórn og lýðheilsu- og æskulýðsnefnd. Tilraun með hagsmunamat í 1–2 nefndum.	Ungmennaráð, sveitarstjórn, nefndir	Fundur haldinn (maí), prófun hafin í nefndum
Júl–des 2025	Reglulegir fundir (2–3) með sveitarstjórn/nefndum. Samráð við Ungmennaráð um fjárhagsáætlun 2026. Ungmennaráð tekur þátt í Barnþingi.	Umsjónarmaður verkefnis, Ungmennaráð	Fjöldi funda, þátttaka í fjárhagsáætlun og Barnþingi
Jan–júni 2026	Barnvænt hagsmunamat tekið upp í fleiri nefndum (markmið: a.m.k. helmingur). Ungmennaráð skilar ársskýrslu. Upplýsingamiðlun til barna efl.	Formenn nefnda, Ungmennaráð, umsjónarmaður	Fjöldi nefnda með hagsmunamat, ársskýrsla tilbúin, miðlun til barna
Júl–des 2026	Endurmat á verklagi. Barnvænt hagsmunamat orðið hluti af vinnulagi flestra/allra nefnda. Ungmennaráð tekur þátt í fjárhagsáætlun 2027 og Barnþingi haustið 2026.	Umsjónarmaður verkefnis, sveitarstjórn, nefndir, Ungmennaráð	Endurmat framkvæmt, fjöldi nefnda með hagsmunamat, þátttaka í fjárhagsáætlun og Barnþingi



3. Aðgerð – Fræðsla fyrir starfsfólk

Markmiðið er að allt starfsfólk sveitarfélagsins þekki Barnasáttmálann og réttindi barna og tilgang verkefnisins Barnvænt sveitarfélag. Réttindafulltrúar (sjá aðgerð nr.6) og umsjónarmaður verkefnisins skipuleggja og stýra þeirri fræðslu. Barnaréttindafræðsla (myndbönd) UNICEF verði m.a. notuð í fræðslu. Nýtt starfsfólk sveitarfélagsins fái fræðslu um verkefnið Barnvænt sveitarfélag og verkferla þess. Mannréttindastefna verði unnin (sjá aðgerð nr.9) og mun hún styðja við markvissa fræðslu starfsfólks.

Tenging við stöðumat

Í niðurstöðum úr spurningalistum sem lagðir voru fyrir starfsmenn kom fram að mikil meirihluti starfsmanna hafði heyrt um Barnasáttmálann eða 96% svarenda en aðeins 49% sögðust geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum. Þegar starfsfólk var innt eftir því hvort það teldi ástæðu til að tryggja réttindi barna á Íslandi enn frekar samkvæmt Barnasáttmálanum svöruðu 78% því játandi, 20% vissu ekki hvort þörf væri á því og 2% taldi þörfina ekki vera fyrir hendi. Um það bil helmingur starfsmanna hefur fengið fræðslu um réttindi barna. Í ljósi þessa er mikilvægt að dýpka þekkingu starfsmanna á Barnasáttmálanum og gæta þess að viðhalda reglulegri fræðslu.

Ábyrgðaraðili

Réttindafulltrúar ásamt umsjónarmanni verkefnisins.

Fjárförf

Gera má ráð fyrir að lítilsháttar kostnaður geti fylgt fræðslunni s.s. veitingar. Kostnaður rúmast innan fjárveitingar til verkefnisins í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Tímarammi

Framkvæmt á hverju ári í tengslum við dag Barnasáttmálans sem er 20. nóvember.

Mæling

Hlutfall starfsfólks sem hefur lokið við fræðslu um Barnvænt sveitarfélag á vegum UNICEF. Miða skal við að lágmarki 75% starfsmanna ár hvert.

Framkvæmd aðgerðar

U.þ.b. 90% starfsfólks leik- og grunnskóla, kennarar, stuðningsfulltrúar og almennir starfsmenn hafa horft á fjögur fræðslumyndbönd UNICEF um Barnasáttmálann, vernd barna, barnvænt sveitarfélag-innleiðing og réttindafræðsla í framkvæmd. Auk þess horfði Ungmennaráð á fræðsluna 4H verkefnastjórnun. Sjá má fræðsluáætlun Hrunamannahrepps í fylgiskjali 1 sem unnið hefur verið eftir í innleiðingarferlinu.

Í apríl 2025 fór fram fræðsla fyrir annað starfsfólk sveitarfélagsins, starfsfólk á skrifstofu og í áhaldahúsi auk forstöðumanna stofnana, sem Marín Rós frá UNICEF hélt.

Markmiðið að 75% starfsfólks fengi fræðslu náðist og gott betur, 90% starfsmanna hefur setið fræðslu.

Nýtt starfsfólk sveitarfélagsins mun fá fræðslu að hausti, ekki síðar en í nóvember ár hvert, og verða fræðslumyndbönd UNICEF nýtt til þess.



4. Aðgerð – Réttindafræðsla fyrir börn

Markmiðið er að öll börn í sveitarfélaginu þekki réttindi sín. Réttindafræðsla verði aðgengileg öllum börnum í sveitarfélaginu. Gerð verði stefna um samfellda réttindafræðslu. Aðgerðin verður unnin af starfsfólki leik- og grunnskóla í samráði við skólastjórnendur og umsjónarmann verkefnisins. Fjallað sé um Barnasáttmálann í skólanámskrá og hugmynd að fræðslu gæti verið þemavika um Barnasáttmálann í leik- og grunnskóla sem síðan væri kynnt foreldrum og samfélaginu öllu.

Tenging við stöðumat

Í spurningakönnun sem lögð var fyrir börn á aldrinum 6-16 ára kom fram að 86% barnanna hafði heyrt um Barnasáttmálann og 53 % þeirra töldu sig geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum. 86% barna töldu að öll börn, óháð aldri, ættu rétt á því að tjá sig og hafa áhrif. Þá voru börnin spurð að því hvort réttindi Barnasáttmálans gildi um þau sjálf og 76% þeirra sögðu svo vera. Þá vissu 63% barnanna að þau myndu ekki missa réttindi sín ef þau gerðu eitthvað af sér, 17% töldu að þau myndu missa réttindi og 20% vissu ekki hvort svo færi. Hér eru sóknarfæri að kynna börnum sveitarfélagsinn enn frekar réttindi sín.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins, réttindafulltrúar leik- og grunnskóla auk félagsmiðstöðvar, skólastjórnendur og Ungmennaráð.

Fjárbörf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Stefna um réttindafræðslu fyrir öll börn í sveitarfélaginu verði tilbúin eigi síðar en í maí 2025. Þar verður áætlun um kennsluferni og áherslur fyrir hvert skólastig.

Mæling

Annað hvert ár verður lögð spurningakönnun fyrir alla nemendur til að mæla þekkingu þeirra á réttindum sínum og Barnasáttmálanum. Stefna um réttindafræðslu tilbúin.

Framkvæmd aðgerðar

Þemavika var haldin í grunnskólanum í nóvember 2024 þar sem fjallað var um Barnasáttmálann. Unnin voru ýmis verkefni honum tengd og afraksturinn kynntur foreldrum og ættingjum á opnu húsi á Degi íslenskrar tungu.

Fjallað er um Barnasáttmálann í skólanámskrá skólanna og unnin hefur verið samfelld réttindafræðsla fyrir börn í sveitarfélaginu með hliðsjón að þeim áherslum sem þar birtast (sjá hér að neðan).

Stefna um réttindafræðslu, lýðræði og virka þátttöku nemenda

Sameiginleg markmið fyrir öll skólastig:

1. Efla nemendalýðræði og gera nemendur að virkum þátttakendum í lýðræðislegu þjóðfélagi.
2. Tryggja að rödd nemenda heyrst og að þau geti haft áhrif á málefni sem snerta þau.
3. Efla áhuga og ábyrgð nemenda á eigin námi og framtíð.
4. Að bera virðingu fyrir manngildi hvers og eins.
5. Að nemendur kynnist Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þekki grundvallarréttindi.

Leikskóli – grunnurinn að réttindafræðslu

- **Markmið:** Börn kynnist hugmyndum um réttindi, virðingu og vináttu á einfaldan og leikrænan hátt.
- **Stefna og leiðir:**
 - Nota sögur, myndir og leik til að útskýra að börn hafi réttindi og að þau skipti máli.
 - Stuðla að lýðræðislegum samskiptum með hringekjufundum eða umræðuhópum.
 - Efla virðingu, vináttu og samvinnu með daglegu starfi og leik.
 - Börn læri að tjá skoðanir sínar og að þau séu tekin alvarlega.

Yngsta stig grunnskóla (1.–4. bekkur)

- **Markmið:** Börn læri um réttindi sín í gegnum daglegt skólastarf og einfalda umfjöllun um Barnasáttmálann.
- **Stefna og leiðir:**
 - Halda reglulega bekkjarfundi þar sem öll börn fá að tjá sig.
 - Nota skapandi verkefni (teikningar, leikrit, sögugerð) til að vinna með hugtökin vinátta, réttindi og ábyrgð.
 - Nemendur læri að þeir hafi rétt á öryggi, menntun, leik og að tjá skoðanir sínar.
 - Kennarar stuðla að virðingu og jafnrétti með daglegu fordæmi.

Miðstig grunnskóla (5.–7. bekkur)

- **Markmið:** Nemendur dýpki skilning á Barnasáttmálanum, lýðræði og eigin áhrifum.
- **Stefna og leiðir:**

- Nemendur taki virkan þátt í bekkjarfundum, skólaþingi og nemendaráði.
- Fjölbreytt verkefni unnin um Barnasáttmálann og mannréttindi (t.d. tengt samfélagsfræði, list- og verkgreinum).
- Nemendur fái að prófa lýðræðisleg vinnubrögð, t.d. kosningar, umræður og samráð.
- Stuðlað að ábyrgð nemenda á námi með valgreinum og einstaklingsverkefnum.

Unglingastig grunnskóla (8.–10. bekkur)

- **Markmið:** Nemendur verði meðvitaðir, gagnrýnir og ábyrgir þátttakendur í samfélaginu.
- **Stefna og leiðir:**
 - Nemendaráð taki virkan þátt í ákvörðunum sem varða skólastarf, félagslíf og umhverfi.
 - Nemendur fái að taka þátt í verkefnum sem efla borgaravitund, t.d. ungmennaráð sveitarfélagsins, samfélagsverkefni eða sjálfböðastarf.
 - Djúp umræða um mannréttindi, lýðræði, jafnrétti og samfélagsábyrgð samþætt í námsgreinar.
 - Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til starfs- og framhaldsskólakynninga og að þróa eigin framtíðarsýn.

Framkvæmd og ábyrgð

- **Nemendur:** Virkir þátttakendur í bekkjarfundum, skólaþingi, nemendaráði og verkefnum tengdum réttindafræðslu.
- **Kennarar:** Innleiða réttindafræðslu á viðeigandi hátt fyrir hvert skólastig, leiða umræður og styðja nemendur til þátttöku.
- **Skólastjórnendur:** Tryggja samfellu, fylgjast með framkvæmd og styðja við lýðræðislegt skólastarf.
- **Sveitarfélagið:** Veita stuðning með fræðslu, kennslugögnum og stuðningsneti.

Aðgerðaáætlun um réttindafræðslu eftir skólastigum

Grænt: Komið í framkvæmd Gult: Á góðri leið/í vinnslu

Leikskóli

Markmið	Aðgerðir / leiðir	Ábyrgð	Mælikvarðar
Börn kynnist réttindum, virðingu og vináttu	Nota sögur, myndir, leik og söng til að útskýra réttindi.	Leikskólakennarar	Börn geta sagt frá einföldum réttindum (t.d. réttinum til leiks, öryggis).
Börn fái rödd og þátttöku	Halda reglulega barnafundi	Leikskólastjórnendur, kennarar	Börn taka þátt í ákvörðunum um leik og daglegt starf.
Skapa vinveitt umhverfi	Markviss vinna með vináttu og samskipti í daglegum leik.	Allt starfsfólk	Færri ágreiningsmál, jákvæð viðhorf í foreldra- og starfsmannakönnunum.

Yngsta stig grunnskóla (1.–4. bekkur)

Markmið	Aðgerðir / leiðir	Ábyrgð	Mælikvarðar
Nemendur læri réttindi sín og ábyrgð	Halda bekkjarfundi reglulega með umræðum um samskipti og skólastarf.		Fjöldi funda, þátttaka allra nemenda.
Efla virðingu og samkennd	Vinna með vináttuverkefni og hópavinnu í daglegu skólastarfi.		Aukinn skilningur nemenda á hugtakinu virðing (mælt í könnunum).

Miðstig grunnskóla (5.–7. bekkur)

Markmið	Aðgerðir / leiðir	Ábyrgð	Mælikvarðar
Nemendur dýpki skilning á Barnasáttmálanum	Samfélagsfræðiverkefni, skapandi verkefni (t.d. veggspjöld, leikrit, myndbönd).	Kennarar	Verkefni kynnt í skólanum eða samfélaginu.
Efla þekkingu á lýðræði	Nemendur læri að kjósa fulltrúa í bekkjar- og nemendaráð.	Kennarar, skólastjórnendur	7.bekkur hafi fulltrúa í nemendaráði.
Auka ábyrgð á námi	Nemendur setji sér námsmarkmið og fylgi eftir með sjálfsmati.	Kennarar	Nemendur geta lýst eigin framvindu og markmiðum.

Unglingastig grunnskóla (8.–10. bekkur)

Markmið	Aðgerðir / leiðir	Ábyrgð	Mælikvarðar
Nemendur verði meðvitaðir og gagnrýnir þátttakendur	Þátttaka í ungmennaráði sveitarfélagsins og samfélagsverkefnum.	Skólastjórnendur, kennarar	Fjöldi nemenda sem tekur þátt, áhrif verkefna metin.
Efla lýðræðisfærni og áhrif	Nemendaráð fái aukið hlutverk í ákvarðanatöku um skólareglur, félagslíf og viðburði.	Skólastjórnendur	Nemendaráð hefur áhrif á að minnsta kosti 3 atriði á skólaárinu.
Dýpka umræðu um mannréttindi og samfélagsábyrgð	Kennsla samþætt í samfélagsfræði, íslensku, listgreinum.	Kennarar	Nemendur geta útskýrt helstu greinar Barnasáttmálans og tengt við eigin líf.
Styðja framtíðarsýn nemenda	Starfsnám, námsráðgjöf, kynning á framhaldsskólum.	Námsráðgjafar, kennarar	Nemendur lýsa aukinni meðvitund um framtíðarmöguleika í könnunum.



5. Aðgerð – Réttindafræðsla fyrir foreldra/forráðamenn

Markmiðið er að upplýsa og fræða foreldra/forráðamenn barna í sveitarfélaginu um réttindi barna. Foreldrar eru upplýstir um aðgengilegt efni um Barnasáttmálann og réttindi barna t.d. fræðslumyndbönd frá UNICEF og bæklingar sendir á heimilin. Boðið upp á fræðslu fyrir foreldra á vegum sveitarfélagsins t.d. í leik- og grunnskóla. Með slíkri fræðslu eru foreldrar betur í stakk búnir að ræða Barnasáttmálann og réttindi barna heima fyrir.

Tenging við stöðumat

Í niðurstöðum gátlista stýrihóps kemur fram að réttindafræðsla þarf að vera regluleg og markviss og hún þarf að ná bæði til barna og fullorðinna. Mjög mikilvægur hluti þess að sveitarfélag sé barnvænt er að foreldrar þekki réttindi barna.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins í samstarfi við réttindafulltrúa og stjórnendur leik- og grunnskóla.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks. Prent- og sendingarkostnaður rúmast innan fjárveitingar til verkefnisins í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Tímarammi

Árlegt. Fræðsluefni sent heim ásamt upplýsingum um hlekki á fræðsluefni. Könnun verður send foreldrum/forráðamönnum í kjölfar fræðslu.

Mæling

Miða skal við að a.m.k. foreldrar 50% barna taki þátt.

Framkvæmd aðgerðar

Öllum foreldrum leik- og grunnskólabarna hefur verið sent bréf sem inniheldur upplýsingar um verkefnið og slóðir að fræðslu til að kynna sér og ræða með börnum sínum. Bréfið má sjá í fylgiskjali 2.

Framkvæmd aðgerðar

Öllum foreldrum leik- og grunnskólabarna hefur verið sent bréf sem inniheldur upplýsingar um verkefnið og slóðir að fræðslu til að kynna sér og ræða með börnum sínum. Bréfið má sjá í fylgiskjali 2.

Einnig fengu foreldrar grunnskólabarna fræðslu á Degi íslenskrar tungu í nóvember 2024 í formi stöðva þar sem unnið var með Barnasáttmálann og höfðu nemendur veg og vanda að þeirri vinnu. Sem dæmi um stöðvar: Para saman hugtök og skýringar tengt Barnasáttmálanum, teikna Barnasáttmálann og „Úti er ævintýri“ en öll þessi verkefni voru fengin af vefsíðunni barnasáttmáli.is



6. Aðgerð – Réttindafulltrúar

Stofnanir sveitarfélagsins tilnefna einn réttindafulltrúa sem ber ábyrgð á að barnvæn nálgun sé höfð að leiðarljósi í öllu starfi stofnunarinnar t.d. með því að halda Barnasáttmálanum á lofti innan vinnustaðarins og hafa hann sýnilegan. Einnig að minna á samráð við börn vegna ákvarðana sem hafa áhrif á þau og mikilvægi þess að huga að áhrifum ákvarðana á börn sbr. barnvænt hagsmunamat. Réttindafulltrúar funda a.m.k. árlega saman og með umsjónarmanni verkefnisins þar sem rætt er um stöðuna og næstu verkefni. Réttindafulltrúar eru tengiliðir umsjónarmanns inn í stofnanir sveitarfélagsins og taka þátt í fræðslu starfsfólks.

Tenging við stöðumat

Það kom fram í stöðumati að starfsfólk hafði ekki nægjanlegar upplýsingar um hvernig það gæti tryggt réttindi barna og því nauðsynlegt að hafa skýra verkferla sem allir eru upplýstir um.

Ábyrgðaraðili

Yfirmenn stofnana sveitarfélagsins og umsjónarmaður verkefnisins.

Fjárbörf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi


Ábyrgðaraðilar skipa réttindafulltrúa eigi síðar en í lok 2024 og haldinn kynningarfundur fyrir þá í framhaldinu. Fræðsla um barnvænt hagsmunamat m.a. með leiðarvísinum [Zs7_zkaF0TcGJdmm_Barnvaenthagsmunamat2024.pdf](#)

Mæling

Árlegur fundur réttindafulltrúa með umsjónarmanni verkefnisins og yfirmönnum stofnana.

Framkvæmd aðgerðar

Skipaðir hafa verið réttindafulltrúar í leik- og grunnskóla. Stýrihópur taldi vegna smæðar sveitarfélagsins að ekki væri grundvöllur fyrir fleiri réttindafulltrúum. Réttindafulltrúunum hefur verið kynnt hlutverk sitt, þeir fengið fræðslu og eru jákvæðir fyrir komandi verkefnum er varða fræðslu fyrir börn og starfsfólk.



7. Aðgerð – Fræðsla um tilkynningar til Barnaverndar

Efla fræðslu um mikilvægi tilkynninga til barnaverndar og fræðslu um viðbrögð þegar grunur kemur upp um ofbeldi/vanrækslu gagnvart barni eða áhættuhegðun barns. Einnig verði unnið að því að fræða börn um hvert þau geti leitað sér hjálpar ef þau upplifa ofbeldi eða vanrækslu. Mikilvægt að halda reglulega kynningar/námskeið fyrir allt starfsfólk og börnum verði kynnt úrræði. Tilkynningahnappur á heimasíðu sveitarfélagsins tiltækur og kynntur.

Tenging við stöðumat

Í spurningakönnun kom fram að 50% starfsfólks sveitarfélagsins hafði ekki verið kynnt tilkynningarskylda samkv. barnaverndarlögum, 40% töldu ekki skýrar verklagsreglur til á sínum vinnustað um tilkynningar til barnaverndarnefnda og 62% höfðu ekki fengið markvissa fræðslu um ofbeldi eða vanrækslu á börnum og hvernig bregðast eigi við. Dæmi um gott verklag sem hægt er að hafa til hliðsjónar er á [Verklag-islensk-utgafa-uppfaert.pdf](#).

Ábyrgðaraðili

Starfsmenn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks. Prent- og sendingarkostnaður rúmast innan fjárveitingar til verkefnisins í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Tímarammi

Árlegt. Fræðsluefni ásamt upplýsingum um hlekki á fræðsluefni.

Mæling

Spurningakönnun lögð fyrir starfsfólk a.m.k. annað hvert ár. Fræðsluáætlun fyrir börn og starfsfólk og tilkynningarhnappur/síða tilbúin vorið 2025.

Framkvæmd aðgerðar

Starfsfólk grunnskóla fékk ítarlega kynningu á störfum, úrræðum og verkferlum barnaverndar á fræðsludegi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls þann 13. ágúst 2025. Á haustkynningafundi í grunnskólanum í september 2024 fengu foreldrar og starfsfólk fræðslu um velferðarþjónustuna og barnavernd þar sem kynnt voru viðbrögð við því þegar grunur kemur upp um ofbeldi/vanrækslu gagnvart barni. Sú fræðsla verður endurtekin í grunnskólanum og er í verklagi skólans ár hvert. Deildarstjóri velferðarþjónustu annast þessa fræðslu. Gera má betur í að kynna börnum úrræði ef þau eða félagar þeirra verði fyrir ofbeldi eða vanrækslu. Skólahjúkrunarfræðingur ræðir við börnin, bæði í bekkjum og einstaklingsviðtölum, þar sem farið er yfir einkastaði og mikilvægi þess að þau segi frá ef þau, eða félagar þeirra, verði fyrir hverskonar ofbeldi. Lífsleiknitímar með umsjónarkennara nýtast einnig í slíka fræðslu.

Í leikskólanum eru verkferlar og úrræði varðandi barnavernd kynnt fyrir nýjum og eldri starfsmönnum á árlegum mannauðsfundum sem haldnir eru að hausti.



8. Aðgerð – Endurskoðun á áætlunum og stefnum

Yfirfara reglur, áætlanir og stefnur sveitarfélagsins með tilliti til Barnasáttmálans og réttinda barna. Þegar gerðar eru nýjar reglur, stefnur og áætlanir eða eldri yfirfarnar skal það gert með tilliti til hagsmuna barna.

Tenging við stöðumat

Við yfirferð stýrihóps verkefnisins kom í ljós að þörf er á að yfirfara áætlanir og stefnur sveitarfélagsins með tilliti til réttinda barna.

Ábyrgðaraðili

Sveitarstjóri í samvinnu við umsjónarmann verkefnisins.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Yfirferð á stefnum og áætlunum fari fram jafnóðum og þær verða endurnýjaðar.

Mæling

Þegar yfirferð er lokið og stefnur/áætlanir uppfærðar, eru þær kynntar. Lokið verði við a.m.k. tvær stefnur/áætlanir vorið 2025.

Framkvæmd aðgerðar

Læsisstefna leik- og grunnskóla var endurskoðuð vorið 2025 og Málstefna var nýlega unnin og fór hún í umsagnarferli hjá forstöðumönnum stofnana. Þar er sérstakur kafli sem fjallar um áherslur og stuðning við börn í sveitarfélaginu sem á að tryggja börnum, með íslensku sem fyrsta mál og íslensku sem annað mál, kennslu sem stuðli að fullnægjandi kunnáttu í íslensku svo þau geti notið fullrar þátttöku í samfélaginu.

Næst þarf að endurskoða forvarnarstefnu sveitarfélagsins og fá Ungmennaráð til að koma að þeirri endurskoðun. Það verður hluti af næstu aðgerðaáætlun vegna Barnvæns sveitarfélags.



9. Aðgerð – Mannréttindastefna sveitarfélagsins

Markmiðið er að móta og vinna heildstæða og skýra mannréttindastefnu fyrir sveitarfélagið sem tekur mið af Barnasáttmála og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Lögð verði áhersla á að börn og ungmenni taki þátt í mótun stefnunnar.

Tenging við stöðumat

Í leiðbeinandi spurningalistum í stöðumati verkefnisins kom fram að mannréttindastefna fyrir sveitarfélagið er ekki til.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins og sveitarstjóri.

Fjárbörf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Mannréttindastefna verði unnin á vormánuðum 2025.

Mæling

Þegar mannréttindastefnan er tilbúin verði hún kynnt fyrir starfsfólki sveitarfélagsins, kjörnum fulltrúum og íbúum.

Framkvæmd aðgerðar

Umsjónarmaður þessa verkefnis ásamt sveitarstjóra mótuðu og unnu mannréttindastefnu fyrir sveitarfélagið og er hún nú í umsagnarferli m.a. hjá Ungmennaráði. Samþykkt hennar ætti að liggja fyrir fljótlega.

Í stefnunni birtast réttindi barna m.a. í því að sveitarfélagið skuldbindur sig til að vinna eftir markmiðum Barnasáttmálans og í stefnunni birtist eftirfarandi texti; *Hrunamannahreppur hefur innleitt verkefnið Barnvænt sveitarfélag á vegum UNICEF, sem felur í sér skuldbindingu um að tryggja réttindi og velferð barna í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þátttakan styður við markmið sveitarfélagsins um jafnrétti og mannréttindi fyrir alla íbúa, þar sem raddir barna og ungmenna fá að heyrast í stefnumótun og ákvörðunum.*



10. Aðgerð – Innleiðing á barnvænu hagsmunamati

Hafist verði handa við að innleiða barnvænt hagsmunamat inn í verklag allrar stjórnarsýslunnar. Fyrsta skrefið verði að innleiða hagsmunamatið inn í verklag lýðheilsu og æskulýðsnefndar sveitarfélagsins.

Tenging við stöðumat

Það kom fram í stöðumatinu, gátlistum og spurningakönnun, að starfsfólk sveitarfélagsins og kjörnir fulltrúar gætu gert betur í að leita eftir skoðunum barna í þeim málum sem þau varðar.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins og formaður Lýðheilsu og æskulýðsnefndar.

Fjárpörf

Vinnuframlag starfsfólks/nefnda.

Tímarammi

Innleiðing barnvæns hagsmunamats í eina nefnd sveitarfélagsins verði að veruleika í upphafi árs 2025. Árið 2026 verði aðgerðin rýnd og í kjölfarið verði barnvænt hagsmunamat innleitt í störf fleiri nefnda sveitarfélagsins.

Mæling

Greinargerð þeirrar nefndar sem fyrst innleiðir barnvænt hagsmunamat.

Framkvæmd aðgerðar

Það hefur verið innleitt barnvænt hagsmunamat í verklag hjá lýðheilsu- og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps. Það gekk vel og nefndarmenn jákvæðir fyrir þessu nýja verklagi. Hagsmunamatið er unnið af nefndarfólki á hverjum fundi fyrir sig. Sjá má dæmi um barnvænt hagsmunamat í fylgiskjali 3.

Næstu skref eru svo að innleiða þetta verklag í fleiri nefndir sveitarfélagsins.



11. Aðgerð – Fræðsla um skóla- og nemendaráð og Ungmennaráð

Með aðgerðinni er ætlað að tryggja fræðslu og upplýsingagjöf til barna og ungmenna um skóla- og nemendaráð og ungmennaráð, skipan þeirra og hlutverk. Einnig að tryggja góðar verklagsreglur um þau ráð og að börn og ungmenni sem þar eiga sæti þekki vel hlutverk sitt og ráðsins og geti miðlað þeirri þekkingu áfram.

Tenging við stöðumat

Það kom fram í spurningalistum til barna í stöðumati að mikið vantaði upp á að börn hefðu nægilegar upplýsingar um tilurð og tilgang skóla- og nemendaráða.

Ábyrgðaraðili

Skólastjórnendur.

Fjárbörf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Fræðsla fari fram árlega, að hausti.

Mæling

Spurningalisti lagður fyrir börn og ungmenni a.m.k. annað hvert ár. Verklagsreglur fyrir Ungmennaráð, nemendaráð og skólaráð verða uppfærðar og tilbúnar vorið 2025.

Framkvæmd aðgerðar

Kynning hefur farið fram meðal nemenda í 5.- 10. bekk grunnskólans um skóla- og nemendaráð auk Ungmennaráðs. Umsónarmaður þessa verkefnis (Barnvænt sveitarfélag) sá um fræðsluna sem er einnig starfsmaður skólans. Var það gert með því að sýna fræðslumyndbönd um starfsemi og hlutverk ráðanna og í kjölfarið umræður og upplýsingagjöf. Það er erfitt að meta nákvæmlega árangurinn en hann ætti að skýrast þegar spurningkönnun verður lögð fyrir nemendur. En miðað við viðbrögð og áhuga nemenda á málefnum telst mjög líklegt að breyting hafi orðið til batnaður og að nemendur viti nú meira um þessi ráð en áður.

Verklagsreglur fyrir skólaráð og nemendaráð eru aðgengilegar í starfsáætlun Flúðaskóla og þær yfirfarnar árlega ásamt öðrum þáttum starfsáætlunarinnar. Verklagsreglur (samþykktir) fyrir Ungmennaráð eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.



12. Aðgerð – Styðja börn til aukinnar þátttöku

Með þessari aðgerð er markmiðið að börn af erlendum uppruna sem búa í sveitarfélaginu fái stuðning við að eflast í þátttöku í samfélaginu. Þau fái fullnægjandi stuðning við íslenskunám og þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Mikilvægt er að halda úti fjölbreyttum námskeiðum fyrir börn yfir sumartímann. Mikilvægt er að fræða alla foreldra um mikilvægi þátttöku barna þeirra í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Einnig tryggja að foreldrar hafi upplýsingar um frístundastyrk sveitarfélagsins. Standa að viðburðum þar sem börn og foreldrar taki þátt.

Tenging við stöðumat

Í stöðumatinu kom fram hjá börnum að efla þyrfti aðstoð og aðlögun barna af erlendum uppruna. Komu þær áhyggjur helst frá börnum með íslenskan bakgrunn sem fannst ekki nóg að gert.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins í samstarfi við starfsmann Heilsueflandi Uppsveita og byggðapróunarfulltrúa Uppsveita.

Fjárbörf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Fyrstu verkefni verði kynnt ekki síðar en vorið 2025.

Mæling

Í lok skólaárs 2025-2026 verði tekin saman greinargerð um verkefni aðgerðarinnar og þátttöku nemenda og foreldra. Vorið 2025 verði tilbúin áætlun um bættan stuðning við íslenskunám og dagskrá fræðslu/námskeiða fyrir foreldra.

Framkvæmd aðgerðar

Þegar þessi aðgerð var skoðuð var lögð mikil áhersla á að skýra og bæta í ÍSAT kennslu fyrir börn með íslensku sem annað tungumál. Í áætluninni var þessi áhersla raungerð með því að nýrri 75% stöðu ÍSAT (íslenska sem annað tungumál) kennara var sett á fót sem skipuleggur kennslu og þjálfun nemenda með annað móðurmál en íslensku. Hér á eftir er farið yfir helstu þætti sem farið hefur verið í til að styrkja stöðu nemenda og foreldra af erlendum uppruna í sveitarfélaginu. Það er síðan verkefni að forma þessa áætlun betur og bæta í þá þjónustu sem nú þegar er til staðar. Nú þegar eru uppi áform um að nýtt menningarhús/bókasafn sem opnar á næstunni muni spila stórt hlutverk í að virkja íbúa af erlendum uppruna með inn í samfélagið.

Haustið 2024 var haldinn fjölmeningardagur í samstarfi við nágretta sveitarfélög og byggðapróunarfulltrúa Uppsveita með það að markmiði að efla inngildingu fólks af erlendum uppruna en fjöldi Íslendinga tók einnig þátt. Þar var kynning á félagsstarfi, bæði fyrir börn og fullorðna, og einnig kynning á menningu þjóða s.s. mismunandi matarmenning.

Á veturna er boðið upp á íþróttæfingar s.s. körfubolti, fótubolti og fimleikar á vegum Ungmennafélags Hrunamanna og Íþróttabandalags Uppsveita. Þær


æfingar eru kynntar fyrir börnum og foreldrum, með tölvupóstum, auglýsingum á samfélagsmiðlum og heimasíðu sveitarfélagsins.

Allir foreldrar barna á grunnskólaaldri fá sendan tölvupóst í gegnum póstkerfi grunnskólans þar sem íþróttæfingar eru kynntar og útskýringar um hvernig eigi að skrá börnin og hvernig foreldrar geti fylgst með tilkynningum frá þjálfurum. Upplýsingarnar eru sendar bæði á íslensku og ensku til að koma á mótis við foreldra barna af erlendum uppruna. Boðið er upp á fríar æfingar í upphafi vetrar svo að börnin geti prófað og metið hvort viðkomandi íþrótt henti því.

Á sumrin eru haldin Leikja- og ævintýranámskeið fyrir börn á vegum Hrunamannahrepps þar sem tvinnað er saman leikir, íþróttir og útivera. Einnig er boðið upp á ýmis tímabundinn námskeið s.s. golfnámskeið, reiðnámskeið (hjá Hestamannafélaginu Jökli), veggjalist, tálgun, reglulegar fótboltaæfingar og körfuboltaúðir.

Frístundastyrkur er 55,000.- ári fyrir öll börn frá 0-18 ára og frítt er í sund fyrir börn á grunnskólaaldri sem eru búsett í sveitarfélaginu.

Heilsuvika er haldin ár hvert í byrjun september í Hrunamannahreppi, þar sem ungmennaráð kemur að skipulagningu, þar er börnum og fjölskyldum boðið upp á viðburði sem tengjast heilsu og hreyfingu s.s. Guggusund (fyrir 3-6 ára börn) og Tarsanbraut í íþróttahúsi.



13. Aðgerð – Aðkoma barna að umhverfis- og skipulagsmálum í sveitarfélaginu

Það er mikilvægt að börn og ungmenni hafi möguleika á því að hafa áhrif á umhverfi og skipulag með því að taka þátt í stefnumótun umhverfis- og skipulagsmála. Þegar unnið er að skipulagi sem snýr að einhverju leyti að umhverfi barna skal það kynnt fyrir börnum og kallað eftir hugmyndum þeirra. Gæta þarf þess sérstaklega að kynning á viðfangsefninu fari fram áður en börnin eru beðin um að hafa skoðun á því. Einnig að aðkoma þeirra sé það snemma í ferlinu að hún verði merkingarbær. Þessi verkefni geta verið t.d. skólalóðir, leikvellir, íþróttasvæði, opin svæði, göngustígar eða skipulag nýrra hverfa/svæða. Á árinu 2024 var farið í fyrsta áfanga að endurnýjun leiksvæðis við grunnskólann. Áður en hönnun lá fyrir var haldið nemendabing í grunnskólanum þar sem nemendur komu með hugmyndir að tækjum og útliti svæðisins og var það haft til hliðsjónar við lokahönnun svæðisins.

Tenging við stöðumat

Það kom fram í stöðumati að börn höfðu miklar skoðanir á umhverfinu s.s. á skólalóðum og opnum svæðum. Þau töldu að það vantaði upp á kynningu til þeirra svo að þau gætu haft skoðun á málefnum.

Ábyrgðaraðili

Sveitarstjóri og umsjónarmaður verkefnisins.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Alltaf haft til hliðsjónar þegar umhverfis- og skipulagsmál eru tekin fyrir.

Mæling

Fjöldi verkefna/kynninga/samræðna sem unnin eru með börnum, að lágmarki eitt til tvö á ári.

Framkvæmd aðgerðar

Árið 2024 var skólalóð Flúðaskóla endurnýjuð að hluta. Áður en endanlegri hönnun og pöntunum á leiktækjum var lokið var haldið barnabing nemenda í 1.-10.bekk. Þar komu þau með hugmyndir að skipulagi og hvaða leiktæki þau sáu helst fyrir sér að myndu verða vinsæl og þau töldu skemmtileg. Komuð var á móts við fjölmargar hugmyndir og ríkir mikil ánægja hjá nemendum með skólalóðina. Í ferlinu misfórst að senda málið til umsagnar Ungmennaráðs og hafa meðlimir ráðsins gagnrýnt það réttilega. Afar mikilvægt er að gæta þess að öll mál er varða börn og ungmenni berist Ungmennaráði til umsagnar þrátt fyrir að önnur börn hafi einnig fengið tækifæri til að hafa áhrif. Nýtt hverfi er að rísa á Flúðum og stefnt er að því að fá hugmyndir barna að væntanlegu leiksvæði í því hverfi og bjóða þeim í vettvangsferð að skoða aðstæður.

Sveitarfélagið ætlar að kaupa fleiri leiktæki í Lækjargarðinn sem er almenningsgarður á Flúðum og hefur Ungmennaráð fengið það hlutverk að koma með tillögur að leiktækjum.

Til að tryggja að þetta verklag viðhaldist er leitast við að fræða starfsfólk sveitarfélagsins um réttindi barna til að aðkomu að skipulagsmálum sem þau varða og með því verði líklegra að það verði hluti af verklagi í framtíðinni.



14. Aðgerð – Auka vellíðan barna, sjálfstraust, félagslega færni, getu til að setja mörk

Festa í sessi reglulega fræðslu fyrir börn og ungmenni er varða vellíðan, geðheilbrigði, félagslega færni og efla getu þeirra til að setja mörk. Þessi aðgerð er í anda snemmtækrar íhlutunar í formi fræðslu og ráðgjafar sem veitir forvörn við andlegum og félagslegum vandamálum sem annars myndu leiða til langvarandi stuðningsþarfa. Fræðsluáætlun verður unnin í samráði við börn í takt við þeirra hugmyndir.

Tenging við stöðumat

Í stöðumati kom fram að börn eru mjög meðvituð um eigin vellíðan og annarra. Þau töldu mikilvægt að andlegri heilsu væri sinnt svo að öllum liði vel.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins í samstarfi við skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðing og starfsfólk Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks og fjárframlag til aðkeyprar fræðslu.

Tímarammi

Fræðsluáætlun verði fullbúin vorið 2025.

Mæling

Lagðir fyrir spurningalistar og samantekt á fræðslu til barna/ungmenna.

Framkvæmd aðgerðar

Ekki tókst að gera heildstæða fræðsluáætlun í tæka tíð vegna anna og erfitt hefur verið að ná þeim aðilum saman sem myndu standa að áætluninni. Þrátt fyrir það er ýmis fræðsla búin að festast í sessi t.d. í grunnskólanum og nokkrir viðburðir orðnir árlegir og má þar nefna jafningjafraðslu Sambands sunnlenskra sveitarfélaga, fyrirlestur Þorgríms Þráinssonar rithöfundar og Samtökin 78 koma með fræðslu. Nemendur hafa komið að þessu vali t.d. í gegnum barnaþing sem haldin hafa verið. Einnig hefur komið fræðsla í grunnskólann frá Barnaheill sem nefnist Verndara barna þar sem kenndar eru leiðir til að koma í veg fyrir og þekkja einkenni kynferðislegs ofbeldis. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls vinnur nú að gerð forvarnaráætlunar gegn ofbeldi í samstarfi við leik- og grunnskóla á svæðinu. En betur má gera og móta þarf fræðsluáætlun í takt við markmið þessarar aðgerðar sem því miður hefur ekki unnist tími til en yrði forgangs aðgerð í næstu áætlun þessa verkefnis, Barnvænt sveitarfélag.



15. Aðgerð – Auka sjálfstæði og vellíðan barna í leikskóla

Í rýnihópi kom fram að börn í leikskólanum vildu hafa meiri áhrif á dagskrá skóladagsins t.d. með auknu vali, þau nefndu t.d. að fá að fara oftari í Skrautás (listir), vali á leikfélögum og vettvangsferðum, þar nefndu þau t.d. að fara oftari í Lækjargarðinn og á hoppubelginn.

Það sem börnunum þótti skemmtilegast að gera í leikskólanum tengdist að mestu leikjum, leika með vinum og þegar lesið væri fyrir þau. Það sem þótti leiðinlegt í leikskólanum tengdist helst því ef krakkar væru að meiða aðra eða rífast. Gerð verði áætlun, fyrir vorið 2025, um að börnin hafi *ákveðið val* um viðfangsefni/hópastarf/val um félag á ákveðnum tímum innan skólastarfsins. Til dæmis daglega/vikulega.

Tenging við stöðumat

Í stöðumati kom fram að börnin vilja hafa aukið val um hvað þau taki sér fyrir hendur og hvernig skóladegi þeirra er háttað. Þau eru mjög meðvituð um eigin vellíðan og annarra. Þau töldu mikilvægt að andlegri heilsu væri sinnt svo að öllum líði vel.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður verkefnisins í samstarfi við réttindafulltrúa leikskólans og skólastjórnendur.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi

Áætlun um að börnin hafi *ákveðið val* um viðfangsefni/hópastarf/val um félag á ákveðnum tímum innan skólastarfsins. Til dæmis daglega/vikulega. Áætlunin liggja fyrir eigi síðar en vorið 2025.

Mæling

Regluleg viðtöl (rýnihópur) við tvo elstu árganga leikskólans.




Framkvæmd aðgerðar

Á haustdögum 2025 munu leikskólakennarar leggja fyrir einstaklingsverkefni fyrir tvo elstu árganga leikskólans þar sem þau eru spurð um hverju þau ráða og vinna síðan út frá þeim niðurstöðum og viðbrögð sett inn í umbótaáætlun leikskólans. Sjá verkefnið í fylgiskjali 4.

Gerð var könnun meðal barnanna í mars 2025, sjá töflu hér að neðan.

Lang flestir nemendur nefndu að það væri skemmtilegast að leika sér í frjálsum leik og vera í hópastarfi, mörgum finnst einnig gott að vera í samverustund og leið vel í matartímum. Nokkrum fannst ekki mjög skemmtilegt að vera úti eða í söngstund. Þrjú börn sögu að sér líði ekki vel í einhverjum aðstæðum. Börnunum fannst ekki margt erfitt í leikskólanum og lang flestir sammála um það að öllum líði vel í leikskólanum.

Samantekt NEMENDAKÖNNUN í leikskólanum Undralandi
mars 2025

HVERNIG LÍÐUR MÉR Í			
1. SAMVERUSTUND	- - - =19	=4	
2 ÚTIVERU	- - - =16	- =6	=1
3. HÓPASTARFI	- - - - =23		
4. FRJÁLSUM LEIK	- - - - =22	=1	
5. SÖNGSTUND	- - - =16	- =6	=1
6. MATARTÍMA	- - - - =21	=1	=1
	117/138= 84,78%	18/138= 13,04%	3/138= 2,17%



Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög – reynsla í Hrunamannahreppi

Áhrif innleiðingar

Innleiðingin hefur haft jákvæð áhrif á starfsemi sveitarfélagsins. Meðvitund um réttindi barna hefur aukist bæði innan stjórnarsýslu og meðal íbúa. Stjórnarsýslan er farin að horfa með markvissari hætti til áhrifa ákvarðana á börn. Virkt Ungmennaráð og barnaþing hafa þar haft jákvæð áhrif. Það sem tafði ferlið helst var Covid-19 og mannbreytingar í kjölfar kosninga.

Reynsla

Stýrihópur. Það heppnaðist vel að koma ungmennaráði að borðinu og skapa vettvang fyrir samtal barna og fullorðinna. Illa gekk að halda stöðugum takti í verkefninu vegna utanaðkomandi aðstæðna.

Ungmennaráð. Telur að þátttaka þeirra hafi verið raunveruleg og áhrifarík. Þau fengu rödd í stefnumótun og upplifðu sig hluta af ferlinu. Samt sem áður hefði mátt efla upplýsingaflæði og fræðslu, svo þau væru enn betur í stakk búin til að taka þátt.

Stýrihópurinn telur að börn hafi fengið raunveruleg tækifæri til þátttöku í gegnum barnaþing, rýnihópa og ungmennaráð. Það er litið á þátttöku þeirra sem styrkleika verkefnisins og grundvallarþátt í því að innleiðingin hafi áhrif.

Ungmennaráð upplifði að það væri virkt og að á það væri hlustað.

Ungmennaráðsmeðlimum fannst mikilvægt að fá aðkomu að ákvarðanatöku sveitarfélagsins og telja að verkefnið hafi eflt stöðu ungmennaráðs almennt. Verkefnið hefur stuðlað að barnvænni stjórnarsýslu. Meðvitund er orðin meiri um að réttindi barna þurfi að vera hluti af stefnumótun, áætlunum og ákvörðunum sveitarfélagsins. Innleiðingin var heildræn í þeim skilningi að hún náði til skólamála, félags- og frístundastarfs, skipulags- og umhverfismála. Enn er þó rými til að festa barnvænt hagsmunamat betur í verklag stjórnarsýslunnar. Íbúar tóku eftir verkefninu í gegnum fræðslu, barnaþing, rýnihópa, spurningakannanir og umræðu í samfélaginu. Almennt var mikil jákvæðni og þátttökuvilji meðal íbúa, sem telja verkefnið mikilvægt.

Lærdómur og framtíðarsýn

Mikilvægt er að tryggja stöðugt upplýsingaflæði og reglulega fræðslu til barna, starfsfólks og íbúa. Þátttaka barna þarf að vera markviss og vel undirbúin. Smæð sveitarfélagsins getur verið áskorun en líka tækifæri til skapandi lausna. Halda þarf áfram að efla fræðslu, tryggja að barnvænt hagsmunamat verði hluti af stjórnarsýslunni, og halda áfram að efla ungmennaráð enn frekar. Til að gera betur þarf að byggja upp meiri festu í verkefninu óháð mannbreytingum, halda

betur utan um framvindu og auka enn frekar faglegan stuðning og fræðslu til barna og starfsfólks.

Barnaskýrsla

Barnaskýrslu verður skilað í formi lags og texta og mun berast UNICEF í tölvupósti, barnvaensveitarfelog@unicef.is

Samantekt

Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í Hrunamannahreppi hefur gengið vel þrátt fyrir að hafa tekið nokkuð langan tíma. Covid-19 og mannbreytingar eftir sveitarstjórnarkosningar höfðu áhrif á framvindu, en almennt hefur verkefnið notið mikils meðbyrs í samfélaginu. Stýrihópurinn, stjórnendur sveitarfélagsins og Ungmennaráð hafa verið virk og tryggt hefur verið að sjónarmið barna hafi verið hluti af ferlinu.

Áhrif

- **Aukin vitund:** Íbúar, börn og starfsfólk sveitarfélagsins eru meðvitaðri um réttindi barna og mikilvægi þess að þau séu höfð að leiðarljósi í ákvarðanatöku.
- **Virkt ungmennaráð:** Ungmennaráðið hefur eflst enn frekar sem þátttakandi í stjórnsýslu og tengslum við samfélagið.
- **Fræðsla:** Börn, starfsfólk og foreldrar hafa fengið fræðslu um Barnasáttmálann, en sú fræðsla þarf að halda áfram og vera partur af símenntun.
- **Raddir barna:** Barnaþing, rýnihópar og spurningakannanir hafa tryggt að börn hafi tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Halda þarf áfram að byggja á aðgerðaáætluninni sem samþykkt var í desember 2024, til dæmis að styrkja fræðslu, bæta upplýsingaflæði og innleiða barnvænt hagsmunamat í stjórnsýsluna.

Helstu áskoranir

- Covid-19 tafði ferlið og dró úr virkni á fyrstu stigum.
- Mannabreytingar í kjölfar kosninga höfðu áhrif á stöðugleika verkefnisins.
- Upplýsinga- og fræðsluskortur kom fram í stöðumati, bæði hjá starfsfólki og í samfélaginu almennt.
- Smæð sveitarfélagsins kallar á sveigjanleika, en hefur líka sýnt að skapandi lausnir, eins og að fá leikskólabörn í sérfræðihóp, geta gengið vel.

Framtíðarsýn

Verkefnið hefur þegar skapað sterkari grunn fyrir barnvænt sveitarfélag. Með áframhaldandi vinnu að og reglulegu mati á stöðu er líklegt að Hrunamannahreppur verði fyrirmynd annarra í að tryggja börnum rétt til áhrifa og þátttöku. Lögð verður áhersla á að:

- Efla fræðslu fyrir starfsfólk, börn og foreldra.
- Tryggja að réttindi barna séu kerfisbundið höfð að leiðarljósi í stefnumótun og stjórnslu.
- Byggja áfram á virku ungmennaráði sveitarfélagsins.
- Skapa vettvang þar sem börn hafa raunveruleg áhrif á skóla-, menningar- og skipulagsmál.

Unnið af:

Kolbrúnu Haraldsdóttur

Umsjónarmanni innleiðingar á barnvænu sveitarfélagi í Hrunamannahreppi

Fylgiskjal 1 (3. aðgerð)

Fræðsluáætlun Hrunamannahrepps – Barnvænt sveitarfélag

	Barns átt- málinn	Innleiðin g Barnvæn na sveitarfél aga	Þáttta ka barna	Réttinda- fræðsla í framkvæ md	Vernd barna	Barnvænt hagsmun amat	4H: verkefnast jórnum
Ungmennaráð	Allir meðlimir	Allir meðlimir	Allir meðlimir		Allir meðlimir		Allir meðlimir
Skólanefnd	Allir meðlimir	Allir meðlimir	Formaður	Allir meðlimir	Formaður	Allir meðlimir	
Lýðheilsu- og æskulýðsn efnd	Allir meðlimir	Allir meðlimir	Allir meðlimir	Allir meðlimir	Allir meðlimir	Allir meðlimir	
Atvinnu- ferða- menningar nefnd	Allir starfsmenn	Formaður	Formaður		Formaður	Allir meðlimir	
Umhverfis nefnd	Allir starfsmenn	Formaður	Formaður		Formaður	Allir meðlimir	
Veitustjórn Kjörstjórn	Allir starfsmenn	Formenn				Allir meðlimir	
Starfsfólk hreppsskr.	Allir starfsmenn					Allir starfsmenn	
Starfsfólk Áhaldah.	Allir starfsmenn					Allir starfsmenn	
Stjórnendur leikskóla	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn	
Stjórnendur grunnskóla	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn	
Kennarar	Allir starfsmenn		Allir starfsmenn	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn		
Aðrir starfsmenn skóla	Allir starfsmenn		Allir starfsmenn	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn		

Bókasafns vörður	Allir starfs menn		Allir starfs menn	Allir starfsme nn			
Starfsfólk Félagsmiðs töðvar	Allir starfs menn	Forstöðu maður	Allir starfs menn	Forstöðu maður	Forstöðu maður	Forstöðu maður	
Starfsfólk Íþ.húss og sundlaugar	Allir starfs menn	Forstöðu maður	Allir starfs menn	Forstöðu maður	Forstöðu maður	Forstöðu maður	
Stýrihópur Barnv. sveitarféla gs	Allir meðli mir	Allir meðlimir	Allir meðli mir		Allir meðlimir	Allir meðlimir	

Fylgiskjal 2 (5. aðgerð)

Upplýsingar til foreldra um fræðslu – Barnvænt sveitarfélag

Kæru foreldrar og forráðamenn,

Sveitarfélagið okkar, Hrunamannahreppur, er að vinna að innleiðingu á verkefninu barnvænt sveitarfélag í samvinnu við UNICEF á Íslandi. Ég vona að þið flest hafið orðið vör við þá vinnu sl. ár. Í því ferli er lögð rík áhersla á að virða og styðja við réttindi allra barna.

Til að efla vitund og þekkingu ykkar enn frekar á Barnasáttmálanum fylgir hér með hlekkur á fræðslumyndband frá UNICEF þar sem sáttmálinn er kynntur. Myndbandið er í 6 hlutum og það væri frábært ef þið gætuð gefið ykkur tíma til að horfa á þá alla, en annars eru kaflar 3 og 4 sérlega mikilvægir.

Markmiðið er að kynna fyrir ykkur helstu atriði Barnasáttmálans og veita verkfæri sem nýtast í daglegu samtali við börnin. Með fræðslu sem þessari verða foreldrar og forráðamenn betur í stakk búnir að ræða um réttindi barna heima, styðja við lýðræðislega þátttöku þeirra og skapa umhverfi þar sem þau upplifa virðingu og öryggi.

Ég vil hvetja ykkur eindregið til að horfa á myndböndin, gjarnan með börnunum ykkar, og nýta tækifærið til að ræða innihaldið við þau. Þannig styrkjum við saman vitund barna um réttindi sín og hlutverk okkar allra í að tryggja að þau fái notið þeirra í verki.

Myndbandið má nálgast hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=j4mctwO4iF4&list=PLmoSvq6M6wmqd3yi91yoFGCEI5091p8SR&index=3>

Ég hvet ykkur einnig til að vera í sambandi við mig ef þið hafið spurningar varðandi verkefnið eða ef eitthvað er óljóst.

Kærar kveðjur,

Kolbrún Haraldsdóttir

umsjónarmaður innleiðingar á barnvænu sveitarfélagi

Fylgiskjal 3 (10. aðgerð)

Gátlisti fyrir ákvarðanatöku í barnvænu sveitarfélagi

20. Fundur lýðheilsu og æskulýðsnefnd. Haldinn miðvikudaginn 04.06.25 kl. 20.00 í kaffistofunni í Íþróttahúsinu Flúðum.

Erindi:

Málsnúmer: 1

Íþróttamaður ársins

1. Hefur ákvörðunin áhrif á börn?

Já Nei

Útskýrðu ofangreint svar:

Íþróttamaður ársins er fyrirmynd barna. Íþróttamaður ársins hefur yfirleitt alist upp í samfélaginu okkar og æft sína íþrótt þar.

Ef já, þá þarf að svara eftirfarandi spurningum:

2. Hafa börn fengið tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar varðandi erindið?

Já Nei

Útskýrðu ofangreint svar:

Óskað var eftir tilnefningum um íþróttamann ársins, börn hefðu geta gert það ef þau vildu en hægt væri að kynna verkefnið betur fyrir þeim svo þau eigi auðveldara með að taka þátt.

3. Hvernig hafa bestu hagsmunir barnanna verið teknir með í reikninginn við ákvarðanatöku?

Gott er að hafa góðar fyrirmyndir fyrir börn í íþróttum og æskulýðsstarfi

4. Lýsið mögulegum hagsmunaárekstrum við þessa ákvörðun:

Einnig væri hægt að leyfa börnum 18 ára og yngri, eða ungmennaráði að taka þátt í ákvörðun um íþróttmann ársins eða kjósa sinn eigin eða að fá tilnefningu til íþróttmanns ársins frá ungmennaráði.

Gátlisti fyrir ákvarðanatöku í barnvænu sveitarfélagi

20. Fundur lýðheilsu og æskulýðsnefnd. Haldinn miðvikudaginn 04.06.25 kl. 20.00 í kaffistofunni í Íþróttahúsinu Flúðum.

Erindi:

Málsnúmer: 2

Heilsuvika í Hrunamannahreppi

5. Hefur ákvörðunin áhrif á börn?

Já Nei

Útskýrðu ofangreint svar:

Heilsuvika í Hrunamannahreppi hefur það að markmiði að bæta og vekja athygli á líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu íbúa sveitafélagsins. Þannig hefur vikan áhrif á börn. Leikskóli og grunnskóli sveitafélagsins voru hvattir til að taka þátt í þessari viku. Ávallt er leitast eftir að dagskráin henti sem breiðustum hópi einstaklinga.

Ef já, þá þarf að svara eftirfarandi spurningum:

6. Hafa börn fengið tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar varðandi erindið?

Já Nei

Útskýrðu ofangreint svar:

Ungmennaráð hefur fengið tækifæri til að skipuleggja part af dagskránni.

7. Hvernig hafa bestu hagsmunir barnanna verið teknir með í reikninginn við ákvarðanatöku?

Bæði með því að fá ungmennaráð til að skipuleggja dagskrá og að hafa dagskráliði sem hentar börnum.

8. Lýsið mögulegum hagsmunaárekstrum við þessa ákvörðun:

Við sjáum ekki hagsmunaárekstra þarna.

Fylgiskjal 4 (15. aðgerð)

Hverju ræður þú í samverustund? <i>Mynd úr þínum leikskóla hér</i>	<hr/> <hr/> <hr/>
Hverju ræður þú í útiveru? <i>Mynd úr þínum leikskóla hér</i>	<hr/> <hr/> <hr/>
Hverju ræður þú í hópastarfi/hringekju? <i>Mynd úr þínum leikskóla hér</i>	<hr/> <hr/> <hr/>
Hverju ræður þú í leiktíma/frjálsum leik / leikstund /leika? <i>Mynd úr þínum leikskóla hér</i>	<hr/> <hr/> <hr/>
Hverju ræður þú í söngstund? <i>Mynd úr þínum leikskóla hér</i>	<hr/> <hr/> <hr/>
Hverju ræður þú annars staðar?	<hr/> <hr/>

--	--

Einstaklingsverkefni v. barnvæns samfélags (tveir elstu árgangar svara)

Hópverkefni

12.grein Barnasáttmálans:

Réttur (allra barna) til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif.

Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til að skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.

Lýstu fyrir börnunum að réttindi fjalli um það sem börn þurfa til að þeim geti líðið vel og verið glöð. Réttindi er eitthvað sem barn þarf og á rétt á til þroskast/stækka. Til dæmis að fá að borða, einhver sem hugsar um þau, að fá að leika, vera vernduð fyrir ofbeldi eða slæmri framkomu og svo framvegis. Útskýrið fyrir barnahópnum að þau eigi rétt á þessu öllu og að þeir fullorðnu sem ákveði hluti á Íslandi eiga að sjá til þess að öll börn fái að njóta réttinda sinna. Sem dæmi um réttindi sem öll börn eiga að njóta er fæði og klæði, menntun, heilsuvernd, hvíld, leikir og skemmtanir sem hæfa aldri þeirra og þroska og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum. Börn eiga hins vegar ekki rétt á að njóta ákveðinna forréttinda eins og til dæmis að fá alltaf uppáhaldsmatinn sinn eða sælgæti, að eiga sérstök leikföng, æfa tiltekna íþróttir eða að gagna í tónlistaskóla (það eru forréttindi). En öll börn eiga að njóta sömu réttinda, óháð því hvernig þau eru, við hvaða aðstæður þau búa eða hvar þau búa í heiminum.

Sjá meðfylgjandi slóðir um Sáttmálann í myndrænu- og tölvutæku formi.

http://www.barnasattmalinn.is/verkefnifyriryngriborn/1_rettindiogforrettindi.html

http://www.barnasattmalinn.is/verkefnifyriryngriborn/2_barnasattmalinn.html

Þegar kynningu eða kennslu um Barnasáttmálann og 12. grein er lokið getur verið gott að hafa hópumræðu í svona 5-10 mínútur / **upphitunar spurningar**.

Láttu þá orðið ganga og spurðu hvert og eitt barn einhverra af eftirfarandi spurningum:

Hvað ákveður þú sjálf/ur?

Hvað ákveður sá fullorðni fyrir þig?

Hvar líður þér vel?

Hvar hefur þú það gott og gaman?

Gott að taka upp umræðuna.